# GÁSIR

*DEILISKIPULAG*

Minjastofnun Íslands




ÍSNET93 kortagrunnur
Hæðarlínur 5 m




Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 - sveitarfélagsuppdráttur (til skýringar)

## VIÐFANGSEFNI

Deiliskipulag minjastaðarins á Gásum í Hörgársveit er sett fram í greinargerð þessari og skipulagsuppdrætti. Það var unnið á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Minjastofnunar Íslands. Um er að ræða land á Gáseyri í eigu Gásakaupstaðar ses. annars vegar og landeigenda tilgátusvæðis og eyrar hins vegar. Nokkur hluti svæðisins er friðlýst minjasvæði hins forna verslunarstaðar á Gáseyri.

Skipulagssvæðið er 33,6 hektarar og afmarkast af landamerkjum og út fyrir strandlínu. Tilgangur deiliskipulagsins er að stuðla að verndun og varðveislu minja, setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu á svæðinu og skapa umgjörð fyrir sögutengdan áfangastað og útivistarsvæði. Helstu viðfangsefni skipulagsins eru skilgreining á bílastæðum og aðkomu að svæðinu, staðsetning stíga og tilgátusvæðis (miðaldabúða og bryggju), afmörkun minja- og afþreyingarsvæðis ásamt staðsetningu byggingarreits fyrir tilgátukirkju og þjónustubyggingu.

Gásir við Eyjafjörð var helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og hafa fornleifarannsóknir sýnt fram á að verslun hafi staðið þar allt fram til 16. aldar. Þar eru varðveittar mannvistarleifar frá miðöldum en hvergi á landinu eru varðveittar jafn miklar minjar um verslun til forna eins og á Gásum. Hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá, en þar finnast plöntur á válista. Svæðið hefur jafnframt alþjóðlegt náttúruverndargildi vegna fuglalífs og þar er ein af fáum leirum í Eyjafirði.

Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem opið svæði OP-6 en markmið sveitarfélagsins fyrir opin svæði er að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að á Gásum verði uppbygging í tengslum við miðaldakaupstaðinn og að á svæðinu verði reist tilgátuþorp. Unnið verði að því að gera svæðið aðgengilegra m.a. með göngustígum og fræðsluskiltum um náttúrufar, fornleifar og sögu Gása, og tengja Gásir við aðra sögustaði í nágrenninu. Tilgátuþorpið á að vera í samræmi við niðurstöður fornleifarannsókna með það að leiðarljósi að gestir fái innsýn í lífið á Gásum.

## DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI

### *Aðkoma og stígar*

Aðkoma að Gásum er um tengiveg 816 (Dagverðareyrarvegur) og Gásaveg. Við aðkomu svæðisins er gert ráð fyrir 28 bílastæðum og þar af 2 fyrir hreyfihamlaða ásamt 2 rútustæðum. Þar er nú malarplan en gert er ráð fyrir að yfirborðsefni bílastæðs verði möl eða bundið slitlag. Í skipulaginu er skilgreint svæði fyrir stækkunarmöguleika bílastæðis. Meirihluta ársins er fjöldi ferðamanna á svæðinu ekki mikill í senn en undanfarin ár hafa um tvö þúsund manns sótt Miðaldardaga á Gásum, en hátíðin stendur yfir í nokkra daga í júlí. Umgjörð svæðisins þarf að geta þolað átroðning á álagstímum en taka þarf sérstakt tillit til anda staðarins og koma í veg fyrir rask á gróðri og minjasvæðum. Þegar mikill fjöldi gesta heimsækir svæðið er gert ráð fyrir álagsbílastæðum á grasi samsíða aðkomuvegi.

Göngustígar eru frá bílastæðum að tilgátuþorpi og minjasvæði. Gert er ráð fyrir að nýta það stígakerfi sem fyrir er eins og kostur er á til að halda jarðraski í lágmarki. Yfirborðsefni stíga er möl og hugað verður að aðgengi fyrir alla um svæðið. Aðalstígur að tilgátuþorpinu er 1,8 m að breidd en aðrir stígar mest 1,4 m þannig að hægt er að mætast á þeim. Gert er ráð fyrir hestagerði við aðkomusvæði og reiðstíg samsíða aðkomuvegi að vestan. Við uppbyggingu reiðvegar skal miða við leiðbeiningarit Vegagerðarinnar um gerð og uppbyggingu reiðvega. Hestagerði skal vera malarborið og girt vandaðri girðingu. Mikilvægt er að stígar og öll umgjörð á svæðinu verði aðlöguð að landslagi. Samsíða aðkomuvegi er gert ráð fyrir hjólastíg.

### *Dvalarsvæði og umgjörð*

Gera skal ráð fyrir skjólgróðri við bílastæði og tilgátubúðir til að styrkja ásýnd svæðisins, milda ríkjandi vindáttir og auka gæði útivistar á svæðinu. Gróðursetning er óheimil á minjasvæðinu sjálfu og 100 m friðhelgunarsvæði þess. Við val á gróðri skal nýta sömu gróðurtegundir og eru fyrir í umhverfinu. Varðandi tré og runna þá skal nota innlendar tegundir eins og birki, víðitegundir og reyni. Nýta skal sem mest efni frá nálægum svæðum, svo sem möl í stíga.

Í skipulaginu er skilgreind afmörkun tilgátubúða á svæði þar sem árlega hefur verið haldin miðaldahátíð og sett hefur verið upp sviðsmynd verslunarstaðarins.

Gert er ráð fyrir tveimur áningarstöðum með bekkjum og skiltum með upplýsingum um svæðið. Um er að ræða núverandi áningarstað við aðkomu að svæðinu og fyrirhugaðan áningarstað með yfirsýn yfir minjasvæðið. Skal aðgengi vera fyrir alla að sumum áningarstöðunum. Leitast skal við að halda fjölda skilta og stærð þeirra í lágmarki og að þau hafi ekki truflandi áhrif á upplifun staðarins. Skiltin skulu hafa samræmt útlit og efnisval og á þeim skal koma fram staðsetning gönguleiða á svæðinu, upplýsingar um minjar og náttúru, sem og umgengisreglur. Þá er jafnframt gert ráð fyrir tveimur dvalarsvæðum við stígamót með bekkjum og skjólgróðri.

Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu á tilgátukirkju, lýsingu við bílastæði og ratlýsingu frá bílastæði og að áningarstað í brekku ofan minjasvæðis. Vanda skal val á lömpum og ljósastaurum og skal útlit þeirra falla vel að staðaranda svæðisins. Takmarka skal ljósmengun á svæðinu sem hefur áhrif á myrkurgæði og fuglalíf.

### *Byggingarreitir*

Ofan við tilgátubúðirnar er skilgreindur byggingarreitur fyrir tilgátukirkju, en útlit hennar byggist á fornleifarannsókn á svæðinu. Umhverfis kirkjuna verður garður afmarkaður með hleðslu og aðgengi um sálnahlið. Undir kirkjunni er gert ráð fyrir þjónustubyggingu. Inngangur í bygginguna skal aðlagaður að landslagi og mótaður inn í landið þannig að hann hafi takmörkuð áhrif á ásýnd svæðisins. Í húsinu skal gera ráð fyrir salernisaðstöðu, geymslu og aðstöðu fyrir aðstandendur Miðaldadaga. Við aðkomusvæðið er skilgreindur byggingarreitur við núverandi salernisaðstöðu.

### *Veitur*

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Frárennsli frá salernum og vöskum í fyrirhuguðu þjónustuhúsi skal leiða í rotþró með siturlögn. Byggingarfulltrúi gefur samþykki fyrir staðsetningu á rotþró. Fylgja skal fyrirmælum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um frágang rotþróar og tæmingu.

### *Minjar*

Minjastaðurinn á Gásum hefur verið mældur upp af Minjastofnun Íslands. Á minjasvæðinu eru friðlýstar fornleifar og eru allar skráðar fornleifar merktar á skipulagsuppdrætti. Út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra er 100 metra friðhelgað svæði og í skipulaginu er hugað að helgunarsvæði minja. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal stöðva framkvæmd án tafar í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Mjög líklegt er að fleiri minjar leynist á svæðinu en mældar hafa verið upp og er því mikilvægt að ganga um svæðið allt með varúð.

## ÁHRIFAMAT

Tjörnin og sjávarfitjarnar á skipulagssvæðinu falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd vistkerfisins og jarðminja og ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra. Í skipulaginu er ekki gert ráð fyrir að votlendi á svæðinu sé raskað með mannvirkjum eða stígagerð. Göngustígar munu liggja að minjasvæðinu og tilgátubúðum og þannig stýra almennri umferð vegfarenda og takmarka rask á gróðri. Náttúruverndarsvæði er merkt inn á skipulagsuppdrátt.

Skipulagið er í samræmi við Landsskipulagsstefnu og markmið 2.2 um umhverfis- og menningargæði. Skipulagið stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu. Fyrirhuguð mannvirki skulu falla að landslagi og taki mið af byggingarhefðum og staðháttum. Lögð er áhersla á að ný mannvirki hafi samræmda og hógværa heildarásýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og virði minjar og náttúru svæðisins. Fyrirhuguð endurbygging á tilgátukirkju og þjónustuhús undir henni hefur áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðisins en hönnunin er í samræmi við byggingarhefðir á tímum miðaldakaupstaðarins.

Í deiliskipulaginu eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í samræmi við 5.4 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er hér gerð grein fyrir líklegum áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum á umhverfið. Núverandi hlutverk svæðisins er styrkt með betra aðgengi að minjasvæðinu og tilgátubúðum og umferð gesta er stýrt um skipulagða stíga. Stígar og áningarstaðir raska eftir atvikum því landslagi sem þeir liggja í en um leið hlífa þeir nálægu umhverfi fyrir átroðningi. Stígakerfið byggist á núverandi troðnum og grónum slóðum um svæðið. Ekki er gert ráð fyrir skipulögðum stígum um votlendissvæðið. Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu á hluta svæðisins, en hugað er að myrkurgæðum og ljósmengun. Ólíklegt er að heimildir skipulagsins muni hafa áhrif á gróðurfar og fuglalíf á svæðinu. Fyrirhuguð uppbygging á svæðinu er lágstemmd, í anda þess sem þegar hefur verið gert og talin hafa jákvæð áhrif á ásýnd svæðisins og varðveislugildi. Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku með bættu aðgengi og þar með jákvæð áhrif á samfélagslega þætti í sveitarfélaginu.

## SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst á heimasíðu Hörgársveitar og send umsagnaraðilum. Frestur til að skila inn ábendingum var til 20. mars 2020. Umsagnir um lýsinguna bárust frá Norðurorku, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Minjastofnun Íslands. Tekið var tillit til þeirra ábendinga sem komu frá umsagnaraðilum við gerð skipulagstillögu. Skipulagssvæðið var stækkað út fyrir strandlínu eftir auglýsingu á skipulagslýsingu.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið
skv. ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010
frá ___________ til ___________
var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar
þann___________.

_______________________
Sveitarstjóri Hörgársveitar

Augýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt
í B-deild Stjórnartíðinda þann____________.

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is

Minjastofnun Íslands

**GÁSIR**
Deiliskipulag - tillaga
*Skipulagsuppdráttur og greinargerð*

KVARÐI A1 1:2000 | DAGS. 28. september 2020 | SKIPULAG: ABÓ, AKG / TEIKNAÐ: AKG

VERKNR. DU1901 | TEIKN nr. 1 | Br.